

## G J A L D S K R Á

### Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu við háspennu.

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu orkunnar með 6—11 kv spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er almennt miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kw afl og fyrir 6—11 kv aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímallengd notkunar.

#### Raforkugjald.

Aflgjald 1500.00 krónur á árskw.

+ Orkugjald:

Fyrir fyrstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartíma á kw .... 20 aurar á kwst.

Fyrir næstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartíma á kw .... 16 aurar á kwst.

Fyrir notkun umfram 4000 klst. ársnýtingu á kw ..... 15 aurar á kwst.

#### Aflmæling.

Árskw miðast við álagstoppa, sem er meðalálag á 30 mín. tímabili. Aflgjald skal reiknað á meðaltal fjögurra hæstu álagstoppa á hverju þriggja mánaða tímabili frá 1. janúar að telja.

#### Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kwst. deild með þeim álagstoppi á kw sem greiða skal fyrir.

#### Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla, í samráði við kaupanda, aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

#### Launaflokkur.

Gjaldskráin er miðuð við, að fasviksstuðull hjá kaupandi sé ekki lægri en 0.8 og geta rafmagnsveiturnar krafizt að kaupandi geri ráðstafanir á sinn kostnað til úrbóta, ef þessu skilyrði er ekki fullnægt.

#### Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla, í samráði við kaupanda, ársgreiðslu hans, miðað við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar, eftir á. Hafi full greiðsla ekki borizt rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga reiknast 10% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

### Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Söluskattur er ekki innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 28. desember 1967.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1968.

Árið 1968 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:
 

a. Hjón .....	kr. 4.730.00
b. Karlar .....	— 4 300.00
c. Konur .....	— 3 225.00
2. Iðngjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:
 

Fyrir hverja vinnuviku .....	kr. 40.00
------------------------------	-----------
3. Í janúar 1968 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 26. gr. sem hér segir:
 

a. Hjón og karlar .....	kr. 2 500.00
b. Konur .....	— 1 800.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1967.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*